



Íbúaapp

Reykjanesbær hefur hafið samstarf við fjögur önnur sveitarfélög um þróun og eflingu rafrænnar þjónustu. Umræður eru hafnar um fyrsta samstarfsverkefnið, íbúaapp sem myndi stuðla að aukinni þjónustu við íbúa og auðvelda sveitarfélögunum að koma skilaboðum áleiðs til íbúa svæðisins.

Möguleikar íbúaapps eru margir og yrðu þeir innleiddir í fösum. Í fyrsta fasa er áætlað að appið innihaldi ábendingagátt, tilkynningar sem koma þarf til íbúa og hægt að einangra þær niður á hverfi. Einnig yrði hægt að selja strætó og sundkort, skoða mælingar á loftgæðum, óska eftir ferlibíl (ferðaþjónusta fatlaðra) og gera stuttar kannanir.

Næstu skref í verkefninu er að klára m.a. þarfagreiningu, verkefnaáætlun og kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna auk annarra útistandandi þátta.

Starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga um stafræna þróun mun sjá um að forma samstarfið og leiða það áfram.